




**VOOT**  
VERSLUN

ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is



1071. tbl - 23. árg.

8. júní 2023



# Sjómanna dagurinn haldinn hátíðlegur



Sjómanna dagurinn var haldinn hátíðlegur um helgina á Snæfellsnesi eins og víðar á landinu, bæði í Grundarfirði og í Snæfellsbæ var tekist á í keppnisgreinum, sjómenn heiðraðir og ýmislegt annað gert til skemmt-

unar og hátíðarbrigða samkvæmt venju, á myndinni eru keppendur að taka þátt í keppnisgreinum í Snæfellsbæ en keppt var í Ólafsvík að þessu sinni.

Nánar er sagt frá hátíðahöldum á innsíðum blaðsins.



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



**FISKMARKAÐUR**  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
www.fmis.is



## Breytingar á fasteignamati

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun kynnti fyrir stuttu endurmat fasteigna. Fasteignamatinu er ætlað að gefa mynd af markaðsvirði fasteigna og endurspeglar breytingar í verðþróun síðasta árs. Verðmat íbúðarhúsnæðis á landinu öllu hækkaði að meðaltali um 13,7% en hækkanir á landsbyggðinni voru meiri en á höfuðborgarsvæðinu. Í Ólafsvík hækkaði fasteignamat um 12,5% fyrir sérbyli en 3,5 fyrir fjölbyli. Hækkunin á Hellissandi fyrir

sérbyli nemur 4,7% og 3,2% fyrir fjölbyli en hækkunin á Rífi er 3,6% fyrir sérbyli og 3,4% fyrir fjölbyli. Fasteignamat allra tegunda íbúðareigna hækkaði um 9,8% í Snæfellsbæ. Í Grundarfirði er 1,8% lækkan fyrir sérbyli en 0,2% hækkun fyrir fjölbyli. Er það eina matsvæðið í skýrslunismálum. Fasteignamat allra tegunda íbúðareignaeigna í Grundarfjarðarbæ lækkaði um 0,9%.

ÁRALÖNG ÞEKking OG REYNSLA AF FASTEIGNAMARKAÐI Á VESTURLANDI



Átt tveggjar og níu mánuðir til Vildarkort LIND með 30% afslátt frá tilvísingum fyrirmæla



**BOGI MOLBY**  
Laggitur fasteignasali  
699 3444  
molby@fastlind.is



# Sjómanna dagurinn í Snæfellsbæ



Sjómannahelgin í Snæfellsbæ var haldin hátíðleg dagana 1. til 4. júní og hófst á fimmtudagskvöldið með Sjómannadagsmóti Golfklúbbsins Jökuls og kvöldopnun á Kaldalæk. Auk þess hófu Viðvík, Gilbakki og Fjöruhúsið á Hellnum sumaropnun sína þennan sama dag. Á föstudeginum héldu Steinunn, Egill og Guðmundur Jensson í skemmtisiglingu með áhugasama sem endaði svo á grillveislu, hoppuköstulum og lifandi tónlist í Sjómannagarðinum í Ólafsvík. Á laugardeginum var árlega keppnin á sínum stað á bryggjunni í Ólafsvík þar sem lið kepptu í kappróðri, þrautakeppni, reipitogi og flekahlaupi. Í heildina tóku 10 lið þátt í keppnunum, þar af fimm karlalið sem tóku þátt í öllu, tvö kvennalið og svo þrjú karlalið sem tóku einungis

þátt í þrautabrautinni. Áhöfnin á Saxhamri fór með sigur úr bítum í öllum greinum í karlaflokki, kvennalið CF Snb átti besta tímamann í þrautabrautinni og kappróðrinum og Leikskólinn vann reipitogið. 28 börn tóku þátt í flekahlaupinu og þrjár fullorðnir, það var Steinar Henry Oddsson sem var fljótastur drengja eldri en 10 ára og Sigmar Bent Arason átti besta tíma drengja undir 10 ára. Þá var Embla Marína Emilsdóttir í fyrsta sæti stúlkna eldri en 10 ára og Dagbjört Unnur Guðjónsdóttir fljótust stúlkna yngri en 10 ára. Það var svo Jóhannes Stefánsson sem fór með sigur úr bítum í flokki fullorðinna. Eftir góðan dag í blíðskaparveðri og líf og fjör í bæjarfélaginu á laugardeginum hélt fólk á sjómannahóf í Klifi. Eva Ruza og Hjálmar Örn sáu

um veislustjórn og skemmtu gestum, Viktoría Kr Guðbjartsdóttir fór með minni sjómanna og sjómannskonurnar Guðrún Elísabet Jensdóttir og Hermína Kristín Lárusdóttir voru heiðraðar. Hófinu var svo lokað með stórdansleik með Greifunum og skemmtu gestir sér fram á rauða nótt. Á Sjómannadaginn sjálfan var að venju hátíðardagskrá í sjómannagörðunum, annars vegar í Ólafsvík og hins vegar í Hellissandi og þar var haldið hátíðarræðunum og svo voru Baldur Freyr Kristinsson og Böðvar Haukdal Jónsson heiðraðir. Í Ólafsvík var heldur blautara, Ragnar Smári Guðmundsson fór með hátíðarræðuna þar og Brynjar Kristmundsson og Sig-

urður Arnfjörð Guðmundsson voru heiðraðir. Þá var fjölmenni á sjómanna kaffi Slysavarnadeilda Helgu Bárðar og Sumargjafar sem er haldið árlega í Björgunar-sveitarstöðinni Von og að lokum var helginni slitið með blautri en skemmtilegri uppsetningu á Gilitrutt hjá Leikhópnum Lottu í Tröð. Áhafnir á Rífsnesi, Örvári, Særífi, Steinunni og Sverri sáu um skipulag og utanumhald á hátíðarhöldunum í ár og sáu til þess að sjómenn ásamt fjölskyldum sínum, öðrum bæjarbúum og gestum hafi átt ánægjulega og vel heppnaða helgi.

Aðárimunu Magnús, Matthías og Ólafur Bjarnason sjá um skipulag sjómannadagshelgarinnar.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímáptanir í síma 436-1111



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



# Sjómanna dagurinn í Grundarfirði



Mikið var um að vera í Grundarfirði um sjómanna dagshelgina. Dagskrá helgarinnar var startað á fimmtudeginum á leirdufuskotfimi hjá Skotgrund. Á föstudeginum mættu sjómenn á leikskólann Sólvelli með fiskasýningu og kepptu að lokum í reipitogi við krakkana á leikskólanum. Í hádeginu var síðan sundlaugarfjör fyrir börn 10. ára og eldri þar sem keppt var í þrautabraut og koddaslag. Golfmót G.Run var síðar um daginn á Bárarvelli. Á laugardegnum var krakkasprell í Vélsmiðju Grundarfjarðar þar sem boðið var upp á léttar veitingar og voru hoppukastalar fyrir börnin. Hátíðarsigling var að venju, en Hringur og Farsæll sigldu að þessu sinni. Þá tók við

skemmtidagskrá niður á höfn þar sem keppt var í þrautabraut og reipitogi og einnig var grill í boði Kjörbúðarinnar og Kaffi 59. Um miðjan dag var síðan blakleikur í íþróttahúsinu þar sem sjómenn mættu sjómannskonum, dætrum og systurum. Um kvöldið var ball á Kaffi 59 með hljómsveitinni Snilld. Leikhópurinn Lotta sýndi Gilitrutt á sunnudeginum. Sjómanna dagsmessa og heiðrun sjómanna fór fram en Eyjólfur Júlíus Sigurðsson og Gunnar Hjálmarsson voru heiðraðir. Kvenfélagið Gley mér ei sá svo um sjómanna-kaffi í Samkomuhúsinu. Vel var mætt á alla viðburði helgarinnar og tókst vel til.

RK

## Sjómannagarðar styrktir



Á aðalfundi Fiskmarkaðs Íslands sem haldinn var 30. maí síðastliðinn gaf fyrirtækið Sjómannagarðinum á Hellissandi og Sjómannagarðinum í Ólafsvík veglega peningagjöf. Guðmundur Smári Guðmundsson, stjórnarformaður FMÍS, afhenti

þeim Þóru Olsen og Illuga Jens Jónassyni 250 þúsund krónur fyrir hvorn garð. Gjafirnar munu án efa nýtast vel í uppbyggingu og viðhald á Sjómannagörðum Snæfellsbæjar.

JJ

## Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins á Stapa



Arnarstapi verður sífellt vinsælli viðkomustaður skemmtiferðaskipa og kom fyrsta skip sumarsins nú í vikunni.

Skipið ber nafnið Seaventure og voru 171 um borð, þar af 84 áhafnarmeðlimir. Seaventure er

111 metrar á lengd og 16 metrar á breidd.

Á myndinni má sjá skipið við Arnarstapa og varðskipið Freyju sem var á ferðinni við Snæfellsnes þennan dag.

JJ



Félags- og skólalþjónusta Snæfellinga leitar að fólki í stuðningsþjónustu fyrir fólk með fötlun:



### Liðveisla

Markmið liðveislu er að efla einstaklinga til sjálfshjálpar, veita persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. með að njóta menningar og félagslífs.

- Við leitum að hressum einstaklingum, 18 ára og eldri. Sveigjanlegur vinnutími.

### Nánari upplýsingar um starfið veitir:

Jón Haukur Hilmarsson, Fagstjóri málefna fatlaðs fólks.

S: 430-7800 eða @: jonhaukur@fssf.is



# Vorhreinsun 30. maí - 12. júní

*Tökum höndum saman og fegrum bæinn okkar!*

Vorhreinsun verður í Snæfellsbæ dagana 30. maí til 12. júní 2023.

Gámar fyrir garðúrgang ásamt gámum með mold verða settir upp á eftirfarandi stöðum:

**Ólafsvík:** við Grundarbraut 38 - 42

**Rif:** á túni við Háarif 37

**Hellissandur:** við félagsheimilið Röst

**Molta verður í boði hjá Terra umhverfispjónustu.** Úrgangi skal skilað á starfsstöð Terra sem er opin þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 15 - 18 og laugardaga frá kl. 11 - 15.

Rusl úr gördum og nærumhverfi sem sett hefur verið í ruslapoka fyrir hádegi 12. júní við lóðarmörk verður hirt af starfsfólki áhaldahúss. Ganga þarf vel frá pokum og binda smærri trjágreinar í knippi.